

Kayakklúbburinn



Ársskýrsla 2009

Dagskrá aðalfundar

Haldinn í íþróttamiðstöðinni Laugardal 10. febrúar 2010

1. Skýrsla stjórnar.
2. Reikningsskil og árgjöld.
3. Tillögur frá stjórn og félagsmönnum.
4. Kjör stjórnar og endurskoðenda.
5. Önnur mál.

Skýrsla stjórnar 2009

Aðalfundur. Síðasti aðalfundur var haldinn 12. febrúar 2009. Þar voru kosnir í stjórn: Páll Gestsson formaður, Örlygur Steinn Sigurjónsson nýr varaformaður, Guðmundur Breiðdal Birgisson gjaldkeri, Sæþór Ólafsson ritari, meðstjórnendur voru kosnir Haraldur Njálsson og Lárus Guðmundsson. Nefndir sem starfræktar voru á árinu voru: Keppnisnefnd, Ritnefnd, Ungliða- og fræðslunefnd, Húsnæðisnefnd, Ferðanefnd og Sundlauganefnd

Almennt um félagið. Í lok ársins voru félagar u.þ.b. 400 og voru nýskráningar 60. 225 stóðu í skilum á félagsgjöldum (þar af 36 á fjölskyldugjaldi) en 214 árið 2008. Félagsmenn greiddu fyrir geymslu á 161 bát en 122 árið 2008.

Skýrsla stjórnar er í styttra lagi þetta skiptið en frekar vísað í skýrslur nefnda klúbbsins þar sem félagsstarfið á síðasta ári er reifað með ágætum.

Rekstrarreikningur ársins 2009

		2009	2008
Tekjur:	Skýr.		
Félagsgjöld		1,051,300	1,014,666
Geymslugjöld		1,124,000	1,085,000
Styrkir		300,000	0
Tekjur af árshátið		0	0
Aðrar tekjur		0	0
	3	<u>2,475,300</u>	<u>2,099,666</u>
 Rekstrargjöld:			
Rekstrarkostnaður	4	699,496	965,074
Afskriftir		<u>256,319</u>	<u>243,081</u>
		<u>955,815</u>	<u>1,208,155</u>
 Rekstrarhagnaður (tap) án fjármagnsliða		1,519,485	891,512
 Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur og verðbætur		246,771	74,773
Vaxtagjöld og bankakostnaður		<u>(64,588)</u>	<u>(25,746)</u>
		<u>182,183</u>	<u>49,027</u>
 Hagnaður(tap) ársins		<u><u>1,701,668</u></u>	<u><u>940,539</u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2009	2008
Fastafjármunir:			
Gámar, kayakar ofl.	5	2,306,871	2,187,725
		<u>2,306,871</u>	<u>2,187,725</u>
Veltufjármunir:			
Vaxtareikningur		2,320,467	2,118,523
Banki		1,326,703	64,875
Veltufjármunir		<u>3,647,170</u>	<u>2,183,398</u>
Eignir samtals		<u><u>5,954,041</u></u>	<u><u>4,371,123</u></u>

Hinn 31. desember 2009

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	2009	2008
Eigið fé:			
Höfuðstóll		5,778,537	4,227,962
Eigið fé		<u>5,778,537</u>	<u>4,227,962</u>
Skuldir:			
Skuldbinding v/lyklagjalds		112,500	112,500
Aðrar skuldir	6	63,004	30,661
Skammtimaskuldir		<u>175,504</u>	<u>143,161</u>
Skuldir samtals		<u><u>175,504</u></u>	<u><u>143,161</u></u>
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>5,954,041</u></u>	<u><u>4,371,123</u></u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður, en ef um breytingar er að ræða er gert grein fyrir þeim hér á eftir.

2 Yfirlit yfir varanlega rekstrarfjármuni (Eignastaða 1/1 2004 og kaupverð eigna 2004-2008):

Rekstrarfjármunir 1/1 2004.....	1,282,097
Kaup 2004:	
Bátur.....	50,000
Eignfærsla v. Geldinganes.....	458,586
Kaup 2005:	
2 kajakar.....	110,000
Gámur.....	160,000
Kaup 2006:	
40 feta gámur.....	197,000
Kajak.....	174,001
Tjald.....	104,000
Bátur.....	20,000
Kaup 2007:	
Bátur.....	20,000
Bátur Capella með skeggi.....	49,926
Svuntur og vesti.....	72,072
Kaup 2008:	
40 feta gámur.....	180,000
20 feta gámur.....	323,660
Kaup 2009:	
Hitablásari.....	18,819
Talstöðvar sjúkrakassi og ljós.....	33,560

	2009	2008
3 Aðrar tekjur		
Þátttökugjöld/keppnisgjöld	0	8,500
Lyklar	0	0
	<u>0</u>	<u>8,500</u>

4 Rekstrarkostnaður

Húsaleiga	150,000	210,000
Fundir og samkomur	68,119	0
Kostnaður v/ keppni	75,802	85,569
Auglýsingar	0	0
Stjórnunarkostnaður (sendikostn., prentun o.þ.h.)	88,756	64,681
Geldinganes	0	0
Rekstur Geldinganes (hiti, rafmagn og aðgangskort)	221,594	219,036
Aðkeypt þjónusta	41,107	5,000
Fréttabréf	0	372,870
Heimasíða (tengikostnaður og kostnaður v/ léns)	7,918	7,918
Siglingasamband Íslands	19,200	0
Ýmsir gripir	27,000	0
	<u>699,496</u>	<u>965,074</u>

5 Fastafjármunir

Eignir 1/1	2,187,725	1,927,145
Nýr búnaður á árinu	52,379	503,660
Eignfært í aðstöðu á Geldinganesinu	323,086	0
Afskriftir 10%	(256,319)	(243,081)
	<u>2,306,871</u>	<u>2,187,725</u>

6 Skuldir

Guðmundur v./ritföng	1,680	1,680
Guðmundur v./2003	10,501	10,501
Guðmundur v./2008	18,480	18,480
Guðmundur v./2009	32,343	0
	<u>63,004</u>	<u>30,661</u>

Kjör stjórnar og endurskoðanda

Tillaga fráfaramandi stjórnar

Formaður	Páll Gestsson
Varaformaður	Örlygur Steinn Sigurjónsson
Gjaldkeri	Gísli Karlsson
Ritari	Guðmundur Breiðdal
Meðstjórnendur	Póra Atladóttir Lárus Guðmundsson
Endurskoðandi	Ragnar Bogason

Skýrslur nefnda Kayakklúbbsins 2009

Ársskýrsla sundlaugarnefndar Kayakklúbbsins 2009

Hlutverk sundlaugarnefndar

Setur upp æfingatöflu í samráði við stjórn, sér til að manna námskeið, félags- og nýliðaæfingar þó skal ávalt einn úr nefndinni mæta á félags- og nýliðaæfingar enda hafa þeir einir lykil að lauginni til að opna og ganga frá og læsa eftir æfingar. Sjá til þess að vel sé gengið um kjallarann og þann búnað sem þar er. Skila skýrslu til sundlaugastjóra fyrir 5. hvers mánaðar og sjá til þess að hún sé rétt útfyllt.

Nefndin skili skýrslu til stjórnar fyrir aðalfund þar sem kemur fram fjöldi æfinga og þátttaka.

Nefndarmenn 2009 voru

Magnús Sigurjónsson msig@simnet.is

Haraldur Njálsson haranja@centrum.is

Örlygur Steinn

Hörður Kristins

Sveinn Axel

Störf nefndarinnar voru samkvæmt venju að halda æfingar í sundlaugunum í Laugardal, Æfingarnar þetta árið urðu 28 talsins og þar mættu 730 eða að meðaltali 26 á hverja æfingu 9 námskeið voru haldin og sóttu þau um 58 mans.

Félagsmenn voru duglegir að mæta á þessar æfingar og fundarhöldin í heitu pottunum minkuðu ekki .

Breyting varð á geymslumálum fyrir einkabáta en við vorum fluttir í gömlu geymsluna undir stúkunni aftur.

Varðandi lyklamál þá fáum við ekki lykla aftur en okkur er velkomið að hringja í afgreiðsluna og það verður opnað fyrir okkur , þetta er vegna þess að sett hefur verið nýtt lyklakerfi í húsið og það á að reyna að hafa betri stjórn á lyklamálunum,

Sundlaugarnefndin hefur þó sinn lykil.

Talsverð nýliðun hefur orðið á æfingum og er það gott en maður hefði viljað sjá meira af gömlu sóðunum mæta það þarf jú að veita nýliðunum fyrirmynd.

Við þökkum fyrir þáttökuna á árinu og vonumst til að sjá sem flesta í lauginni á þessu ári .

Við viljum hvetja menn til að nota vel þessar æfingar því þetta er ómetanleg reynsla þegar einhvað gerist við alvöru aðstæður. Þá er of seint að æfa sig.

Fyrir hönd sundlaugarnefndar

Magnús Sigurjónsson

Skýrsla ferðanefndar Kayakklúbbsins 2009.

Nefndarmenn 2009.

Straumur:

Anna Lára Steingrímsdóttir (annalaras hjá gmail.com)

Guðmundur Jón Björgvinsson (gummij hjá hive.is)

Heiða Jónsdóttir (heijons hjá hotmail.com)

Sjór:

Andri Þór Arnbjörnsson (andrita05 hjá ru.is)

Gísli H. Friðgeirsson (gislihf hjá simnet.is), formaður

Reynir Tómas Geirsson (reynir.steinunn hjá internet.is)

Sveinn Axel Sveinsson (sveinnaxel hjá gmail.com)

Hlutverk ferðanefndar.

Kemur með tillögur að ferðum á dagskrá. Undir það fellur að finna umsjónarmenn ferða og kynna þær. Ferðanefndin er hvött til að leita til sem flestra félaga klúbbsins eftir hugmyndum að ferðaleiðum og kalla til sem flesta umsjónarmenn ferða. Sjá til þess að ferðasögur berist ritnefnd.

Auk þess var ferðanefnd falið að vinna að innleiðingu öryggisstefnu fyrir ferðir klúbbsins í svipuðum dúr og öryggisstefna fyrir félagsróðra, í samráði við stjórnina.

Störf ferðanefndar.

Fyrri fundur ferðanefndar var 11. mars heima hjá Gísla. Drög voru gerð að tímaáætlun fyrir ferðir ársins og samþykkt að Gísli tæki að sér formennsku. Höfð var hliðsjón af keppnum og öðrum viðburðum sem vitað var um. Sveini var falið að vinna að öryggisstefnu.

Næstu vikur var notast við tölvupóst til að vinna saman að áætlun sumarsins, haft var samráð við keppnisnefnd og klúbbana á Ísafiðri og Neskaupstað. Talsverð umræða varð um efni og orðalag öryggisstefnunnar.

Síðari fundur ferðanefndar var 30. mars hjá formanni. Ferðaáætlun sumarsins var fínþússuð og umsjónarmenn tilnefndir. Farið var yfir drög að öryggisstefnu. Í seinni hluta apríl voru svo áætlun sumarsins og öryggisstefna fyrir ferðir komnar á vefsíðu klúbbsins enda ekki seinna vænna þar sem fyrsta ferðin var áætluð 9. maí.

Ferðir sumarsins 2009.

Þátttaka í hópferðum sumarsins 2009 var góð. Farnar voru 10 ferðir og sé lagður saman fjöldi þátttakenda í öllum ferðunum fæst talan 154, en sé ferðin í Breiðafjörð talin þreföld (3 dagar) fást 220 ferðadagar.

9. maí, laugard.: Skorradalsvatn.

Fararstjóri: Sveinn Axel Sveinsson.

Það gekk treglega að komast í Skorradalinn vegna veðurs, mjög vindasamt var um nóttina og morguninn, á Kjalarnesinu og eins við Hafnarfjall.

Af þeim sökum varð um 30 mínútna seinkun frá upphaflegri áætlun. Eftir kynningu á öryggisstefnunni, þar sem Gunnar Ingi var kynntur sem Sweeper og Lárus sem fremsti maður lögðu 13 bátar á stað frá Skógargilseyrinni í töluverðri öldu. Aldan minnkaði eftir því sem leið á daginn og varð vatnið spegilslétt um 17:00.

Róðurinn gekk vel, nokkuð hratt róið undan vindinum. Þrisvar sinnum var vatnsbotninn rannsakaður, en viðkomandi kippt upp með félagabjörgun. Þá fékk Gunnar Ingi smá æfingu í að draga annan ræðara smá spöl.

Við fylgdum upphaflegu róðrarplani, rérum í austur frá Skógargilseyrinni, kaffihlé í Klausturskógi sunnan vatnsins, austur endi vatnsins þveraður og rérum síðan til baka með norður ströndinni að Stálpastaðaskógi. Þaðan þverum við vatnið aftur að Skógargilseyrinni um 16:30. Heildar vegalengd sem var róin var 17,2 km.

Þau sem réru voru eftirtalin:

Sveinn Axel Sveinsson, Hildur Einarsdóttir, Þorbergur Kjartansson og mágur,

Sigurjón Sigurjónsson, Gunnar Ingi Gunnarsson, Lárus Guðmundsson,

Karen Bárudóttir, Magnús S. Magnússon, Hilmar Erlingsson,

Stefán Már Stefánsson, Ingi Þór Edvardsson, Magnús Norðdal,

16. maí, laugard.: Hvítárferð.

Fararstjóri: Guðmundur Jón Björgvinsson.

Gumma segist svo frá:

Sumarið hófst með stæl og ferð nýliða og sjóbátamanna í Hvítá laugardaginn 16. maí á vegum ferðanefndar Kayakklúbbsins. Boðað var til ferðarinnar á heimasíðu og kork klúbbsins með góðum fyrirvara. Auk þess sem nokkrir valinkunnir félagar auglýstu viðburðinn á fés-bókinni.

Þar sem ég var ábyrgðarmaður fyrir ferðinni og orðin allvanur að standa fyrir svona ferðum hafði ég samband við alla gamla róðrarfélaga sem ég þekki og bað þá um aðstoð við að koma nýliðunum og sjóbátamönnum heilum í höfn.

Laugardagurinn 16. maí rann upp sólríkur og fagur, úti var 17°C hiti, logn og sól skein í heiði og því ekki við öðru að búast en vel væri mætt. Skemmst er frá því að segja að þátttaka var gríðargóð og mættu 34 aðilar bæði vanir og óvanir. Safnast var saman við Laugardalslaugina og fundnir til bátar þar fyrir hópinn. Flestir þeir „vönu“ mættu með aukabátana sína með sér og buðu þá til afnota fyrir þá sem þurftu. Eftir að búið var að finna til báta og búnað fyrir alla var ekið austur að Drumboddsstöðum þar sem starfsfólk Arctic Rafting tók á móti hópnum og leigði þeim sem þess þurftu blautbúninga. En fyrr um vorið hafði ég haft samband við Jón Heiðar og Torfa sem eiga fyrirtækið og boðað komu okkar. Þeir eru ætíð boðnir og búnir að taka á móti okkur enda er þessi ferð eins og koma farfuglana á hverju vori á „Drumbó“.

Þegar allir voru búnir að koma sér í „gírinn“ var ekið að bílastæðinu við Brúarhlöð. Þar fór Steini formaður yfir helstu öryggisreglur og hópnum var skipt niður í hæfilega stóra hópa fyrir hvern vanan. Og var skiptingin að meðaltali 2 vanir + 3 óvanir. Síðan var róið niður að „Drumbó“ með hæfilegu magni af sundi og andköfum, undir glotti og gleði þeirra „vönu“.

Eftir róðurinn fengu menn og konur sér hressingu á „Drumbó“ og báru saman bækur sínar um hvað hafði farið úrskaiðis og hvað ekki. Að venju tókst síðan að peppa nokkra hressa til að negla niður fossinn Faxe í Tungufljóti og tókst það vonum framar.

Eftir þessa ferð höfum við straumvatnsmenn og konur ákveðið að í þessar ferð fari engin sem ekki hefur mætt á að minnsta kosti tvær æfingar í laugardalslauginni eða hafi að minnsta kosti einhverja reynslu af róðri sjókayaks. En tveir aðilar sem aldrei höfðu sest í kayak mættu í ferðina og voru að miklu leiti til vandræða og reiknuðu ekki með að mæta aftur eftir reynsluna. Enda er Hvítá ekki rétt staðurinn til að setjast fyrst í kayak. Við mælum frekar með róðri um sundin blá í góðu veðri.

Einnig söknuðum við fleiri sjóbátamanna í ferðinni en þetta er gríðarlega góð æfing og alls ekki erfið fyrir alla þessa vönu sjóbátamenn og konur sem eru að gæla við hugmyndina en vex þetta í augum. Það má segja að þær æfingar sem stundaðar eru undir brúnni við Reykjanesskóla séu erfiðari en ein létt ferð niður Hvítá frá Brúarhlöðum.

6. júní, laugard.: „Suður með sjó“.

Fararstjóri: Andri Þór Arinbjörnsson.

Þann 6. júní 2009 var róíð frá Kúagerði að Vogum á Vatnsleysuströnd undir fararstjórn Andra Þórs Arinbjörnssonar. Ferðin „suður með sjó“ fékk góða þátttöku og heppnaðist vel. Hún tók u.þ.b. fjórar klukkustundir, 17 manns tóku þátt og ferðin endaði í 15 km. Það var smá vindur að norðan, alda og sólskin. Tvö kaffistopp voru tekin, það seinna var við vitann á Vatnsleysuströnd. Fram að því hafði hópurninn haft hliðarvind en restina af ferðinni var hörkulens. Þegar komið var í Voga var í gangi hafnardagur og þess vegna mikið mannlíf. Þar voru teknar veltuæfingar og síðan bátarnir teknir upp. Tveir úr hópnum ákváðu að róa til baka og voru komnir í Kúagerði um klukkan hálfsex.

Ákveðið var í upphafi að fylgja öryggisstefnu klúbbsins en eitthvað var þó um kunnáttuleysi og lélegan útbúnað hjá nokkrum þátttakendum, einn ungur drengur var kominn í tog eftir stuttan róður og faðir hans ætlaði að róa vestislaus. Þetta kallar á umræðu um hvort hafa eigi öryggisstefnu eða öryggisreglur fyrir ferðir á vegum klúbbsins og einnig hvort setja eigi aldurstakmörk.

13-14 júní, helgi: Galtaleikarnir

Ekki reyndist vera þátttaka í ferðina að þessu sinni.

23. júní, þriðjudagskvöld: Jónsmessuróður.

Fararstjóri: Sveinn Axel Sveinsson.

Upphaflegt róðrarplan var frá Hvítanesi í Þyrilsnes, kringum Geirshólma og Hádegissker og tilbaka í Hvammsvík.

Vindáttin reyndist óhagstæð hvað varðar fyrirhugaða róðrarleið og því var henni breytt.

Rérum frá Hvammsvíkurfjörrunni yfir í Hvammshöfða, þaðan var tekin stefnan á Bjarteyjarsand og áfram yfir á Miðsand þar sem tekið var stutt stopp. Síðan áfram róíð yfir í Geirshólma, suður fyrir Þyrilsnesið þar sem var tekið gott kaffistopp. Eftir kaffi var stefnan sett á Hvítanes og ströndinni síðan fylgt yfir í Hvammsvík og lentum þar 00:15. Róðrarlengdin reyndist 16,1 km, aðeins lengra en upphaflega var áætlað.

Alls tóku 26 ræðarar þátt í Jónsmessuróðrinum, en þeir voru eftirtaldir:

Sveinn Axel, Hildur, Reynir Tómas,

Steinunn, Gísli Karls, Þorbergur,

Leifur, Magnús S. M., Eymundur,

Andri, Gauti, Ólafía,

Friðþjófur, Stefán Már, Lárus,

Þórólfur, Sigurjón, Einar Sveinn,
Þorsteinn J, Andrés, Rannveig,
Örlygur, Snorri Már, Hildigunnur,
Gunnar Ingi, Sigrún.

3.-5. júlí, helgi: Arnarstapi, Búðir, Hellnar og Malarrif.

Fararstjóri átti að verða Gísli H. Friðgeirsson en ekki varð af þessari ferð.

Svæðið er mjög áhugavert en getur verið erfitt og við Breiðavíkina er mikið sandrif og árós þar sem æfa má brimlendingar í mjúkum sandi. Þarna er þó oft óbrotin hafalda og svæðið er opið fyrir sunnan- og vestanáttum.

24-26 júlí, helgi: Kayakdagar í Skagafirði.

Umsjón ferðar: Reynir Tómas Geirsson og Heiða Jónsdóttir.

Þessi ferð var til að sameina straumvatns- og sjómenn í Skagafirði. Gist var á góðu tjaldstæði við Steinsstaðaskóla. Þarna mætti góður hópur straumræðara og á laugardeginum var farin Austari Jökulsá, 7 á gúmmíslöngubátum (raft) og 6 á kayak (Halli, Kalli, Raggi, Eiki, Keli og Kjartan).

Róðurinn gekk vel og aðeins eitt sund. Heiða og Egill fóru í Vestari Jökulsána seinnipartinn.

Þrír sjómenn voru mættir, Reynir Tómas, Sævar og Ásta sem fóru niður Húseyjarkvísl frá eyri rétt ofan við Varmahlíð, framhjá Glaumbæ og niður í Vestari Héraðsvötnin, fram með Hegranesi og alveg niður að sjó. Veðrið var hið besta. Húseyjarkvísl er fremur straumlítill á en kræklótt mjög og um 18 km róðrarleggur að Vestari Héraðsvötnum, . Hestastóð Skagafirðinga höfðu mikinn áhuga á ræðurunum. Héraðsvötnin eru enn lygnari og sandrif og grynningar verulegar. Það sem átti að róa norður undan straum á 2-3 klst. varð að 5 klst. ferð, alls um 30 km.

Allir voru því ánægðir með sinn hlut þegar á tjaldstað kom. Grillið og tjillið fóru friðsamlega fram og var afar skemmtilegt að hittast; sjókappar, straum- afreksfólk og róðrarmenn að norðan (Jóhann og Kiddi). Á sunnudegi átti að setja straumbáta í Hróteyarkvísl, en hún var ekki nægilega lífleg til þess, svo tveir ræðarar fóru í Garðsá í staðinn. Aðrir fóru til annarra íþróttar og svo heim.

7.-9. ágúst, helgi: Króksfjörður – Reykhólar - Akureyjar.

Fararstjóri: Reynir Tómas Geirsson.

Breiðafjarðarferðin vinsæla var nú farin á slóðir Manns og konu og Pilts og stúlku (eftir Jón Thoroddsen), með stæl og góðu öryggisskipulagi. Fararstjóri var Reynir Tómas en Magnús Sigurjóns róðrarstjóri, sem gafst mjög vel með hjálp Sveins Axels, Gumma J., Gumma Breiðdal,

Páls R., Lárusar, Gísla Karls og fleiri úr hópi reyndari ræðara. Ferðin var góður prófsteinn á öryggisstefnuna og frábær helgi, alls komu 33 ræðarar.

Sumir byrjuðu í Salthólmavík utan við Gilsfjörðinn og reru svo inn í Króksfjörðinn, þar sem hinir bættust við og hópurinn var sameinaður. Róið var tiltölulega stuttan kvöldróður yfir að Borgum á nésinu fallega milli Króksfjarðar og Berufjarðar, þar sem mjög góður tjaldstaður fannst fyrir 22 tjöld í vík við Naustatanga. Rigning var um nóttina, sem gerði ekkert til því allir sváfu! Komið og farið á háflóði.

Næsta dag var róið í ljúfu veðri að hinum tilkomumikla Þjattarsteini, inn Berufjörð, svo suður að Hrísey, stórri eyju þar sem var áð og þar sem arnarpar var á sveimi, síðan út með Reykhólanesinu, þar sem straumurinn, 7 km/klst, fleytti liðinu meðfram "hlíðinni minni fríðu, hjalla meður grænu" fram að Karlsey, og að þörungavinnslunni. Þar var góð áning og svo róið yfir Hróteyjarröst í Akureyjar, þar sem Gummi J. leiðbeindi um róðrartæknina í röstinni og frábært var að koma inn að fallegu bæjarstæðinu.

Í Akureyjum var gist með góðu leyfi landeigenda, eins og allsstaðar, þó engir aðrir en gæsaþópur væru á snyrtilegri Bæjareynni, sem geymir mikla sögu frá 19. öld. Útsýnið var frábært um innanverðan Breiðafjörðinn og varðeldur og grill í dokkunni gat ekki verið betra. Sunnudagurinn var bjartur og alger stilla meðan róið var yfir að Innri Fagradal á Skarðsströnd, en meirihluti hópsins fór áfram inn með hlíðinni allt til Salthólmavíkur. Alls var ferðin um 60 km fyrir þá sem lengst reru og mikil ánægja með velheppnaða ferð. Farið var í bað í Sælingsdalslaug á sunnudagseftirmiðdegi á heimleið

15. ágúst, laugard.: Hvítá.

Fararstjóri: Guðmundur Jón Björgvinsson.

Gumma segist svo frá:

Laugardaginn 15.ágúst kl. 11.00 í bongóblíðu mættu allmargir (15) í hina rómuðu ferð gullaldardrengjanna „Old boy's“ en þeir eru þekktir frá seinni hluta síðustu aldar og átti sína bestu daga í straumvatninu á árunum 1990-2003 og unguðu á þeim tíma út gríðarlegu magni af straumvatnsræðurum sem er enn megin uppistaðan í þeim hópi sem er að róa í straumvatni í dag. Mottó hópsins var að taka alla með sem langaði til að prufa og var róið nánast hverja einustu helgi allt sumarið með nýliða frá „Drumbó“. Undanfarin ár hefur verið deyfð yfir nýliðun í straumvatninu og er þessi ferð hópsins tilraun til að snúa þessari þróun við, auk þess sem áhangendur hópsins hafa verið duglegir að hlaða niður börnum sem síðan er stefnt að því að koma í straumvatnið síðar.

Ferðin hófst með hópefli á „Drumbó“ upp úr klukkan 11, þar sem skipt var um fatnað og fengin rúta að láni hjá staðarhöldurum. En Staðarhaldarar á „Drumbó“ eru einmitt lærlingar hópsins. Ekið var sem leið liggur upp að Brattholti þar sem sett var í ánna og stefnan tekin niður að „Drumbó“. Undirritaður var þarna að fara í sína fyrstu ferð frá Brattholti í 4 ár og var því ekki

laust við að einhvers óöryggis gætti. Það var þó fljótt að víkja fyrir gleðinni sem er ætíð ríkjandi í þessum ferðum. Sagðar voru gamlar frægðarsögur auk hæfilegs gríns um getu og aukna þyngd þátttakenda. Í Nautavík syntu nokkrir hressilega enda voru þarna á ferð aðilar sem ekki höfðu sest í bát í nokkur ár. Engum varð þó meint af volkinu og við „Ölduna“ reyndu menn sig við surfið sem var ekki upp á sitt besta þennan dag. Restin af ferðinni gekk nokkuð smurt fyrir sig og endaði ferðin með grilli og sögum á „Dumbó“.

Gullaldardrengirnir ætla að sjálfsgöðu að bjóða upp á aðra ferð sumarið 2010 og er þessi tími, þ.e.a.s. í kringum miðjan ágúst mjög góður og er því hér með beint til næstu ferðanefndar.

20. sept., sunnud.: Þingvallavatn.

Fararstjóri var Gísli H. Friðgeirsson.

Sex ræðarar réru úr Hestvík, um hellana í Klumbu, norðan við Nesjaey, hvílt stuttlega í skjóli við Heiðarbæjarhólma og út í Sandey í dalinn við gígvatnið. Gísli, Jóhanna, Sigurður, Valdimar, Þorbergur og Þorsteinn voru í ferðinni. Vindur var af vestan, 7-10 m/s. Áð var í skjóli í gígnum og gengið á fjallið, síðan var róið áfram kringum Sandey og til baka sunnan við Nesjaey. Ferðin tókst vel, en fararstjórinn var einn vanur og þurfti að takast á við hópstjórn, félagabjörgun og nota dráttarlínu. Betra er að a.m.k. tveir vanir menn séu í hverri ferð við þokkalegar aðstæður. Þessi ferð var heldur síðla hausts og allra veðra von.

Ýmsir róðrar utan dagskrár ferðanefndar.

Félagsróðrar hafa verið farnir frá aðstöðunni við Geldinganes nær undantekningarlaust í hverri viku, á laugardagsmorgnum um veturinn og fimmtudagskvöldum um sumarið. Þátttaka er misjöfn, oft á bilinu 10-20 um sumarið og 5-10 í vetrarróðrum. Auk þess hófust æfingaróðrar eftir áramót fram í maí og svo áfram í haust, oftast eftir vinnu á þriðjudögum. Þá hefur verið lögð áhersla á að æfa þrek og róið hvíldarlaust í 2-3 tíma og oft í misjöfnu veðri, fjöldi ræðara hefur verið á bilinu 2-7.

Vafalaust hafa margir félagar farið saman í róðra sem við vitum ekki um og ekki hefur verið sagt frá á vefsíðu klúbbsins, oft er auglýst eftir félögum með stuttum fyrirvara þegar einhvern langar að fara í ferð og var nokkuð um það í straumnum.

Hringróður Gísla H. F. í sumar tókst vel með góðum stuðningi félaga og klúbbsins og umfjöllun Sævars Helgasonar á Korkinum var mikið lesin.

Í byrjun ársins 2009 voru farnir raðróðrar þar sem markmiðið var að róa frá Geldinganesi að Þorlákshöfn í nokkrum dagleiðum. Þessar ferðir voru skipulagðar af klúbbfélögum að frumkvæði Andra og auglýstar á síðunni fyrir vana ræðara. Veðrið setti oft strik í reikninginn en alls voru farnir þrír leggir, Geldinganes-Álftanes, Kúagerði-Álftanes og Kúagerði-Njarðvík. Þessir róðrar voru vel sóttir af klúbbfélögum og mættu á bilinu 3-9 ræðarar og réru 18-23 km í hverjum legg.

Stefnt er að því að taka upp þráðinn upp úr miðjum febrúar og reyna að klára það sem eftir er, þ.e. Njarðvík-Þorlákshöfn.

Okkar félagar voru duglegir í ár að heimsækja Ísfirðingana og aðra kayak féлага á Reykjanesinu við Ísafjarðardjúp. Að venju var um vor- og haust hitting að ræða, þriggja daga helgar, þar sem kayak ferðir, kennsla, æfingar og náttúruskoðun voru í fyrirrúmi. Það kemur enginn að tómunum kofanum hjá Halldóri Sveinbjörnssyni kayak kennara og Ísfirðingi, var met þátttaka í vor hittingnum, yfir 20 félagar mættu. Í bæði skiptin gafst tækifæri á æfingum í röstinni sem myndast undan brúnni í Reykjarfirði, en þar geta myndast mjög krefjandi aðstæður fyrir kayakræðara. Þá voru einnig nokkrir félagar sem tóku þátt í kayak móti Austfirðinga, þ.e. Agli rauða og nutu m.a. kennslu þeirra Shawna Franklin, Leon Sommev frá BodyBoatBlade.

Frásagnir eftir allar auglýstar hópferðir og fleiri ferðir eru á Korkinum og oft margar myndir með og væru það skemmtilegt hefti ef allt efnið væri tekið saman. Það verður ekki gert hér.

Lokaorð.

Ferðanefnd er ánægð með gott róðra- og ferðaár í starfi Kayakklúbbsins. Ferðanefndin sem tekur við þarf að meta hvort framboðið var e.t.v. heldur mikið og hvort meta þarf erfiðleikastig ferða þegar þær eru kynntar.

Komið hefur fyrir að einhverjir þátttakenda hafa verið illa búnir og ekki haft næga æfingu, en alltaf hefur verið leyst úr þeim vanda með samvinnu hópsins. Meta þarf hvort sett verði skilyrði fyrir þátttöku eða hvort ástæðan sé hugsanlega vanmat þeirra sem ekki þekkja til á ferðinni.

Öryggisstefnan hefur reynst vel, en eðlilega þarf að ræða hana áfram.

Keppnisnefnd 2009

Straumkayak

Keppnistímabilið hjá straumkayakmönnum og –konum fór afar vel af stað þegar níu keppendur mættu í Elliðaárródeóið 30. apríl. Aðstæður voru ágætær og dómgæslan var í öruggum höndum Þorsteins Guðmundssonar (Steina X).

Mikil stemning myndaðist síðan í kringum Tungufljótskappróðurinn sem haldinn var 27. júní. Guðmundur Jón Björgvinsson tók að sér mótshald og fórst það vel úr hendi. Alls mættu 16 keppendur og kappreru í rjómaþlíðu. Keppnisnefnd mun óska eftir því að Guðmundur taki keppnina aftur að sér enda reynslan af því góð.

Heldur hafði dregið úr keppnisskapi straumkayakmanna að hausti en fimm keppendur mættu í Haustródeóið í Tungufljóti 5. september. Keppnin tókst engu að síður vel.

Straumkayakkeppnir voru mun betur sóttar árið 2009 en árið 2008 og er það vonandi til marks um aukinn áhuga á þeim. Í karlaflokki náðu alls 18 karlar sér í stig en tvær konur kepptu í straumkayakkeppnum sumarsins.

Karlaflokkur

Ragnar Karl Gústafsson varð Íslandsmeistari með 260 stig af 300 mögulegum.

Haraldur Njálsson var í 2. sæti með 205 stig.

Kristján Sveinsson var í 3. sæti með 145 stig.

Kvennaflokkur

Heiða Jónsdóttir varð Íslandsmeistari með 280 stig af 300 mögulegum.

Anna Lára Steingrímsdóttir varð í 2. sæti með 100 stig.

Sjókayak

Keppnistímabilið hófst með látum 2. maí þegar 23 keppendur voru ræstir í Reykjavíkurbikarnum en til samanburðar voru keppendur 14 árið áður. Um leið og keppt var um bikarinn var haldin Vorhátíð Kayakklúbbins en við það tilefni var nýr pallur fyrir framan gámabyggðina í Geldinganesi tekinn formlega í notkun og haldin var björgunaræfing með þylusveit Landhelgisgæslunnar.

Sprettkeppni var haldin af Kayakklúbbinn Kaj og var hún liður í sjókayakmótinu Agli Rauða. Keppendur voru 24, þar af sex konur.

Kayakklúbburinn Sviði hélt Bessastaðabikarinn og mættu níu keppendur til leiks.

Á Suðureyri stóðu Sæfaramenn fyrir 10 km róðri í tengslum við Sæludaga á Suðureyri. Ellefu keppendur tóku þátt, þar af voru fimm konur.

Sjö keppendur reru alla keppnisvegalengdina í Hvammsvíkurmaráðinu, frá Geldinganesi og inn í Hvammsvík. Sveitakeppnin var endurvakin og skráðu þrír sig til leiks í henni þannig að alls voru keppendur tíu. Pétur B. Gíslason var mótstjóri að venju.

Talsvert betri þátttaka var í sjókayakkeppnum sumarið 2009 en sumarið 2008. Í karlaflokki fengu 37 keppendur stig en þeir voru 27 árið 2008. Þá fengu tólf konur stig í stigakeppninni en þær voru einungis þrjár árið áður.

Keppnisnefnd stefnir að sjálfsögðu að því að stuðla að enn betri þátttöku í keppnum árið 2010. Allar hugmyndir og tillögur um hvernig megi auka áhugann eru vel þegnar.

Karlaflokkur

Íslandsmeistari varð Ólafur B. Einarsson en hann hlaut samtals 480 stig af 500 mögulegum.

(300 þegar tekið er mið af besta árangri í þremur keppnum. 100 stig fást fyrir sigur).

Í 2. sæti var Hilmar Erlingsson með samtals 300 stig. (240 í þremur bestu keppnum).

Í 3. sæti var Haraldur Njálsson með 180 stig.

Kvennaflokkur

Heiða Jónsdóttir varð Íslandsmeistari með 180 stig.

Helga Einarsdóttir og Shawna M. Franklin voru jafnar í 2.-3. sæti.

Keppnisnefnd 2009 skipuðu:

Anna Lára Steingrímsdóttir, annalara@parlogis.is

Haraldur Njálsson, haranja@centrum.is

Pétur B. Gíslason, petur@emax.is

Rúnar Pálmason (form.), runar.palmason@gmail.com

Stefán Karl Sævarsson, stefan.karl.saevarsson@gmail.com

Skýrsla húsnaðisnefndar 2009

Stjórn Kayakklúbbsins valdi eftirfarandi meðlimi í Húsnaðisnefnd 2009

Jóhann Ragnar Kjartansson; joignina@islandia.is

Páll Gestsson; pall@decode.is

Þorsteinn Guðmundsson; kayak@islandia.is

Tryggvi Tryggvason; att@arkitekt.is

Gunnar Ingi; markholt@simnet.is

Ágúst Ingi Sigurðsson; ingisig@gmail.com

Eymi; eyymi@islandia.is

Hlutverk nefndarinnar er að reka fasteignir og aðra aðstöðu Kayakklúbbsins og vinna í þeim málum er tengjast framtíðar aðstöðu klúbbsins. Þorsteinn er formaður nefndarinnar.

Klúbburinn hefur aðstöðu á þrem stöðum í bænum; Geldinganesi, Nauthólsvík og Sundlaugunum í Laugardal. Í Laugardalnum erum við með geymslu á tveim stöðum við

sundlaugar; í kjallara innilaugarinnar eru geymdir bátar klúbbsins sem við notum við æfingar og kennslu í laugunum og svo höfum við geymslu fyrir almenna félagsmenn í gamla kjallaranum undir stúkunni, þessa aðstöðu fáum við án endurgjalds.

Í Nauthólsvíkinni leigjum við af Siglingaklúbbnum Brokey og er þar pláss fyrir 51 bát og eru 12 laus pláss þar nú. Eins og annarstaðar, þá eru allar nýbyggingar í Nauthólsvík á bið.

Á Geldinganesinu rekum við gámabyggð sem er í eigu klúbbsins, er sú aðstað nánast full frágengin og komin í “endanlega” stærð? Auk aðstöðu klúbbsins eru þarna pláss fyrir 140 báta í geymslu fyrir félagsmenn. Í dag eru 4 pláss laus. Á síðasta ári voru ýmsar smá endurbætur og viðhald; Ráðist var í pallasmíði sem er mikið prýði af einnig var bætt við perlumöl, kvenfólkið fékk sér klefa í sturtugámnum, hitablásari settur upp í kallaklefanum, útiljós sett upp og gámar merktir.

Á haustfundi húsnaðisnefndar var ákveðið að hætta við uppbyggingu félagsins við Veltuvíkina, enda ljóst að ekki verði farið í skipulag og uppbyggingu byggðar á Geldinganesinu næstu ár eða áratugi. Jafnframt var þá ákveðið að endurvefja umsókn okkar um varanlega uppbyggingu á eiðinu. Nú hefur verið lögð inn umsókn til Skipulagsfulltrúa um breytingu á deiliskipulagi á eiðinu og rætt við ýmsa aðila sem málið varðar og ekki fengið annað en jákvæð viðbrögð. Leggur húsnaðisnefnd til að um leið og deiliskipulagi hafi verið breytt verði hafist handa við hugmyndavinna og svo beint í framkvæmdir !

Skýrsla ritnefndar 2009

Hlutverk nefndarinnar er að halda úti heimasíðu klúbbsins og gefa út fréttabréf um starfsemi hans.

Ritnefnd 2009

Páll Gestsson, formaður

Rúnar Pálmason

Ágúst Jónsson

Dagrún Árnadóttir

Sveinbjörg Jónsdóttir

Fréttabréf Klúbbsins hafa undanfarin ár verið afar vegleg og að sama skapi dýr í prentun og auglýsingakostnaður ekki staðið undir útgáfunni. Í sparnaðarskyni var ákveðið að sleppa útgáfu Fréttabréfsins árið 2009 en stefna á útgáfu af endurnýjuðum krafti á þessu ári.

Heimasíðan hefur gengið vel og verið lifandi. Mest lífið er á korkinum og fréttasíðunni og einnig nokkuð að gerast á sölusíðunni. Hringferð Gísla HF var gerð góð skil á Korkinum og upplýsingar uppfærðar eftir því sem ferðin sóttist og eru þær heimildir ómetanlegar um þá ferð.

Helstu breytingar sem standa fyrir á heimasíðunni er að bæta við flokki þar sem félagsmenn geta sent inn hlekki á áhugaverðar síður sem tengjast sportinu og einnig hlekki á myndasíður þannig að það sé haldið utan um þær á einum stað og aðgengi sé betra.

Skýrsla Ungliðanefndar 2009

Haustið 2008 var haft samband við framhaldsskóla til að kanna áhuga á námskeiðum fyrir nemendur.

Það var svo á haustönn 2009 að námskeið var sett inn á námsbraut íþróttta í MR. Alls sóttu rúmlega 20 krakkar námskeið sem haldið var 2x í Nauthólsvík og 2x í innilauginni í Laugardal. Farið var yfir helstu undirstöðu atriði kayakróðurs og starfsemi klúbbsins kynnt. Undirbúningur var talsverður, bæði á öflun búnaðar og flutningi hans, sem og undirbúningi á kennslunni sjálfri. Það var undirritaður ásamt Hilmarí Erlendssyni sem höfðu veg og vanda að námskeiðinu.

Þakkir fyrir að lána útbúnað fær Ellingsen, Siglunes og ýmsir aðilar eins og Palli formaður.

Á hátíð hafsins fór fram kynning á klúbbum á landi og voru ófáir rollingar sem fengu að sitja í kayak og róa á landi en einnig var talsverður áhugi á bæklungum sem voru til kynningar á klúbbum.

Hafinn er undirbúningur á smíði báts sem yrði með málum sem falla að alþjóðareglum, þegar er komin lausleg kostnaðaráætlun sem á eftir að staðfesta á smíði móts og tveggja báta. Slíka báta mun klúbburinn eiga og hafa til taks fyrir kennslu og þjálfun. Styrkur frá menntamálaráðuneytinu ásamt peningum frá klúbbum verða nýttir í smíðina sem verður innanlands.

Hætt var við umsókn um styrk í velferðarsjóð barna vegna aðstöðuleysis.

Ólafur B. Einarsson

Formaður ungliðanefndar

Að lokum má geta þess að kayakfólk ársins var tilnefnt Gísli H. Friðgeirsson og Heiða Jónsdóttir. Heiða stóð sig fantavel meðal kvenna og gerði sér lítið fyrir eins og allir muna og vann íslandsmeistaratitilinn bæði á sjó og í straumi.

Gísli braut blað í Kayaksögu Íslands með því að vera fyrstur Íslendinga til að róa kringum landið. Þrátt fyrir að Gísli hafi lítið haft sig frammi á mótum ársins hefur hann sýnt þess heldur meiri harðdrægni, dugnað og hæfileika en nokkur annar kayakmaður á árinu. Í okkar huga snýst kayakíþróttin heldur ekki aðallega um að róa hraðast, heldur ekki síður að þróa með sér hæfileikann til að beita bátnum af öryggi og kunnáttu við allar aðstæður.

Heiðu og Gísla er hér með óskað innilega til hamingju með frábæran árangur á árinu.

Páll Gestsson